

Arnprúður Karlsdóttir

From: Arnprúður Karlsdóttir [ak@utvarpsaga.is]
Sent: 7. nóvember 2006 12:40
To: 'nefndasvid@althingi.is'
Subject: Útvarp Saga - umsögn.

Alþingi
Erindi nr. P 133/61
komudagur 7.11.2006

Menntamálanefnd Alþingis

Efni: Umsögn um frumvarp Ríkisútvarpsins.

Hér með er send umsögn til menntamálanefndar Alþingis sbr. bréf Ellsabetar R. Andresdóttur f.h. menntamálanefndar dags. 20. október 2006.

Áður hafði Útvarp Saga ehf sent umsögn til menntamálanefndar Alþingis þann 21. febrúar 2006 vegna frumvarps til laga um Ríkisútvarpið hf, sem lagt hafði verið fram á Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005-2006 og vísast til þeirrar umsagnar.

Sérstaklega er vísað til þeirrar hugmyndar þar sem lagt er til að fjölmiðlanotendur fái að velja sjálfir til hvaða fjölmiðils þeir greiði fyrirhugaðan nefskatt.

Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 2. töluliðs í 4. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið hafi heimild til þess að afla tekna með því að selja og birta auglýsingar er tengjast dagskrárefni í útvarpi og öðrum miðlum. Samkvæmt núgildandi lögum er t.d. óheimilt að selja auglýsingar til birtingar á heimasíðu Ríkisútvarpsins sbr. niðurstaða umboðsmanns Alþingis í máli nr. 3845/2003.

Það fyrirkomulag að Ríkisútvarpið skuli vera áfram á kostunar- og auglýsingamarkaði hlýtur að teljast mjög ósanngjamt sérstaklega í ljósi þess að Ríkisútvarpinu eru tryggðar tekjur úr ríkissjóði. Með þessu nýja frumvarpi er stefnt að því að stór auka auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins með því að heimila RÚV að selja og birta auglýsingar á netinu.

Því hefur verið haldið fram að með framlögðu frumvarpi sé verið að lögfesta fyrirkomulag sem sé eðlisskytt því ástandi sem ríkir í nágrannalöndum okkar þ.á.m. hinum Norðurlöndunum. Þessi staðhæfing er alröng. Ríkisfjölmiðlar á hinum Norðurlöndunum þ.e. Danmörku (DR), Noregi (NRK), Svíþjóð (SR) og Finnlandi (AB) banna alfarið auglýsingar bæði í útvarpi og á netinu.

Athygli er vakin á því að engin haldbær rök réttlæta rýmri heimild til handa RÚV en tífkast á hinum Norðurlöndunum.

Virðingarfyllst
 Arnprúður Karlsdóttir
 útvarpsstjóri

Arnprúður Karlsd.



Með kveðju:
 Arnprúður Karlsdóttir
 ak@utvarpsaga
 Suðurlandsbraut 24
 sími 5333943
 GSM:6619120

7.11.2006